

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 2. október 2019

Mál nr. E-955/2019:

**A**

*Pórir Júlíusson*

**gegn**

**B ehf.**

*Jóhannes Stefán Ólafsson*

Mál þetta, sem var dómtekið 24. september 2019, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af A, [...], á hendur B, [...], með stefnu birtri 7. febrúar 2019.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 22.757.447 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 3. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 26. nóvember 2018 til greiðsludags. Þá er þess krafist að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti og nýir vextir reiknaðir af samanlagðri fjárhæð samkvæmt 12. gr. vaxtalaga. Einnig er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi þess að hann verði aðeins dæmdur til greiðslu 985.735 króna auk dráttarvaxta af 597.821 krónu frá 1. október 2018 en af 985.735 krónum frá 1. nóvember 2018 til greiðsludags. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

## I

Stefnandi er menntaður iðnrekstrarfræðingur og árið 2007 stofnaði hann fyrirtækið C ehf. og starfaði fyrirtækið í heildsölu á sviði pípulagna. Stefndi er rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir baðherbergi, eldhús og öllu sem við kemur pípulögnum.

Hinn 30. júlí 2017 gerði stefndi stefnanda kauptilboð í allt hlutafé í C, sem stefnandi samþykkti. Í 1. mgr. ii-liðar gr. 4.1 er kveðið á um að gerður verði ótímabundinn ráðningarsamningur við stefnanda. Átti hann að vera óuppsegjanlegur af hálfu stefnanda í eitt ár frá undirritun hans en í tvö ár af hálfu stefnda. Eftir það tímamark átti að gilda gagnkvæmur þriggja mánaða uppsagnarfrestur.

Hinn 14. desember 2017, eftir að gerð hafði verið lögfræðileg og fjárhagsleg áreiðanleikakönnun, var undirritaður samningur um kaup stefnda á öllu hlutafé í C af stefnanda. Í gr. 4.1.1 er kveðið á um að gildi skuldbindinga beggja aðila samkvæmt samningnum sé háð því að gerður hafi verið ótímabundinn ráðningarsamningur við stefnanda. Um uppsagnarfrest, starfskjör og annað átti að fara eftir ákvæðum ii-liðar gr. 4.1 í kauptilboðinu. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda

umfram það sem að framan greinir og sinnti stefnandi störfum sínum frá 14. desember 2017 og var yfirmaður lagnadeildar og þáði laun frá stefnda.

Stefndi heldur því fram að fljótlega eftir afhendingu C hafi komið í ljós að upplýsingar sem veittar höfðu verið af hálfu stefnanda, um stöðu C, hafi reynst rangar. Meðal annars hafi velta félagsins verið verulega minni en lagt hefði verið til grundvallar. Þá hafi komið í ljós að stefnandi hefði í trássi við ákvæði kaupsamningsins tekið fjármuni út úr félaginu fyrir afhendingu þess. Uppgötvanir þessar hafi haft skaðleg áhrif á andrúmsloftið á hinum nýja vinnustað stefnanda hjá stefnda. Stefndi tekur fram að vegna þessa hafi hann óskað eftir mati dómkvaddra matsmanna, sbr. málið nr. M-25/2019 hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, til að meta hve mikil áhrif röng upplýsingagjöf hafi haft á kaupverðið á hlutabréfum í C. Að henni fenginni muni verða tekin afstaða til þess hvort mál verði höfðað á hendur stefnanda.

Stefnandi kveður að hann hafi án skýringa ekki fengið greidd laun samkvæmt samningnum um mánaðamótin september/október 2018. Stefndi hafi þá verið í veikindafríi, samanber vottorð sérfræðilæknis frá 29. ágúst 2018. Samkvæmt vottorðinu var óvíst hvenær stefnandi gæti mætt aftur til starfa. Í kjölfarið var annar einstaklingur settur í starf yfirmanns lagnadeildar stefnda. Stefndi kveður að er hann hafi ekki fengið greidd laun sín hafi hann haft samband við fyrirsvarsmenn stefnda sem hafi tjáð honum að þeir ættu kröfu á hendur honum vegna atvika er vörðuðu kaupin á C og að hann skuldaði því stefnda fjármuni vegna úttekta. Stefndi hafnaði þessum viðbárum fyrirsvarsmanna stefnda.

Hinn 17. október 2018 sendi stefndi bréf til stefnanda þar sem staðfest er að í gildi sé ráðningarsamningur milli aðila á grundvelli kaupsamningsins og kauptilboðsins. Þá er tekið fram að stefnandi hafi klárað allt það launaða leyfi sem samið var um og geti í mesta lagi átt rétt á launagreiðslu fyrir tvo mánuði, þ.e.a.s. september og október, á grundvelli áunnins veikindaréttar. Jafnframt er því haldið fram að stefndi eigi kröfu á hendur stefnanda að fjárhæð 2.600.110 krónur á grundvelli úttekta stefnanda af reikningi C. Á þeim grundvelli lýsti stefndi yfir skuldajöfnuði við allar hugsanlegar launakröfur stefnanda. Að lokum var þess óskað að stefnandi mætti til vinnu 1. nóvember 2018, en þess getið að ætlaðri kröfu stefnda yrði skuldajafnað við laun hans til framtíðar.

Með bréfi 26. október 2018 mótmælti stefnandi því að stefndi ætti kröfu á hendur stefnanda og jafnframt að félagið gæti skuldajafnað ætlaðri kröfu við launakröfu stefnanda. Þá var tekið fram að ekki væri hægt að líta öðruvísi á en svo að með því að greiða stefnanda ekki samningsbundin laun, án nokkurra haldbærra skýringa, hefði stefndi vikið stefnanda fyrirvaralaust úr starfi. Í því sambandi var bent á að gerð væri krafa um að stefnandi, sem þá var óvinnufær samkvæmt vottorði læknis, mætti til vinnu án þess að nokkurt endurgjald kæmi fyrir störf hans í formi launa. Tekið var fram að

uppsögnin væri ólögæt og sett fram krafa fyrir ógreidd laun og laun í uppsagnarfresti, auk kröfu um greiðslu miskabóta.

Hinn 29. október 2018 var kröfu stefnanda hafnað. Stefndi hélt fast við kröfur sínar vegna stöðu C og um skuldajöfnuð þeirra krafna við launakröfu stefnanda. Þá segir m.a að stefnandi muni ekki eignast frekari rétt til launa eftir lok októbermánaðar nema að vinnuframlag verði innt af hendi. Að lokum benti stefndi á að hann væri að skoða réttarstöðu sína varðandi framangreind kaup á C og teldi mögulegt að rangar upplýsingar hefðu verið gefnar við kaupin.

## II

Krafa stefnanda byggist á kaupsamningnum og kauptilboðinu sem kveði skýrlega á um að hann sé óuppsegjanlegur af hálfu stefnanda í tvö ár frá 14. desember 2017 að telja, sbr. gr. 4.1.1 í kaupsamningnum og ii-lið gr. 4.1 í kauptilboðinu. Þar af leiðandi beri stefnda samningsbundin skylda til þess að inna af hendi launagreiðslur til stefnanda fyrir tímabilið frá 14. desember 2017 til 14. desember 2019. Eftir þann tíma gildi þriggja mánaða uppsagnarfrestur samkvæmt ii-lið gr. 4.1 í kauptilboðinu og miðist sá frestur við næstu mánaðamót eftir uppsögn samkvæmt almennum reglum vinnuréttar, þ.e. mánaðamótin desember 2019 og janúar 2020.

Ljóst sé að þeim ráðningarkjörum sem samið hafi verið um, þ.m.t. að ráðningarsamningurinn væri óuppsegjanlegur í tvö ár af hálfu stefnda, hafi verið ætlað að endurspegla þær skyldur sem stefnandi undirgekkst. Þær skyldur hafi m.a. falið í sér fimm ára bann við störfum hjá samkeppnisaðila að viðlagðri ábyrgð. Í raun leiði það af eðli málsins að stefnandi hefði ekki gengist undir þessar ríku skyldur, sem á hann séu lagðar, hefði ekki verið tryggt að samningurinn væri óuppsegjanlegur af hálfu stefnda. Stefnandi áréttar að ráðningarkjörin hafi verið grundvölluð á skjölum sem voru samin af stefnda og að sú skylda hafi hvílt á stefnda að setja samninginn í skriflegt form.

Það sé meginregla í vinnurétti að vinnuveitandi eigi frumkvæði að því að greiða launþega öll umsamin laun þegar skilyrði til greiðslu þeirra séu komin fram. Stefndi hafi vanefnt þær skyldur. Stefnandi telur að sú háttsemi stefnda að neita að greiða honum laun fyrir septembermánuð 2018 og yfirlýsingar stefnda um að stefnandi ætti að koma til starfa, þrátt fyrir að vera óvinnufær og án þess að fá fyrir það endurgjald í formi launa, feli hvoru tveggja í sér verulega vanefnd á ráðningarsamningi aðila og ólögmeta fyrirvaralausar uppsögn úr starfi. Um sé að ræða skýrt brot á ráðningarsamningi aðila og skyldum stefnda samkvæmt kaupsamningnum og kauptilboðinu. Í raun hafi stefnandi verið hýrudreginn og því lýst yfir að sá hýrudráttur myndi halda áfram ef stefnandi sneri aftur til starfa. Það að annar einstaklingur hafi í kjölfarið verið settur í stöðu stefnanda sem yfirmaður lagnadeildar stefnda staðfesti að um fyrirvaralausar uppsögn hafi verið að ræða.

Þessu til viðbótar liggi fyrir að stefnandi hafi ekki sýnt af sér nokkra þá háttsemi sem réttlætt gæti fyrirvaralausá uppsögn af hálfu stefnda. Sé þá til þess að líta að ráðningarsamningur aðila hafi verið óuppsegjanlegur í tvö ár af hálfu stefnda og því engin uppsagnarheimild fyrir hendi þegar hin ólögmæta uppsögn átti sér stað. Stefnandi byggir þannig á því að hann eigi samningsbundna fjárkröfu á hendur stefnda um efndir á ráðningarsamningi aðila, auk launatengdra greiðslna sem og greiðslna orlofslauna, orlofs- og desemberuppbótar.

Með hliðsjón af framangreindu sé jafnframt byggt á því að stefndi hafi einhliða og með ólögmætum hætti rift ráðningarsamningi stefnanda, þar sem engar forsendur hafi verið til riftunar, hvorki að lögum né samningsbundnar. Með því að grípa til riftunar hafi stefndi bakað stefnanda tjón sem stefndi ber skaðabótaábyrgð á á grundvelli meginreglna skaðabótaréttarins og almennu sakarreglunnar. Enda hafi stefndi á saknæman og ólögmætan hátt bakað stefnanda það tjón sem felist í því að stefnandi var sviptur samningsbundnum rétti sínum.

Þá hafnar stefnandi því að stefndi eigi nokkra gagnkröfu á hendur honum og jafnframt því að slíkar ætlaðar kröfur geti félagið nýtt til skuldajafnaðar gagnvart þeim kröfum hans sem hafðar séu uppi í máli þessu. Það skorti að skilyrði skuldajöfnunar séu uppfyllt. Bent sé á að það sé ein af meginreglum vinnuréttar að laun skuli greiða í peningum. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups megi ekki greiða laun með skuldajöfnuði nema um það hafi áður verið sérstaklega samið. Svo sé ekki í þessu tilviki og engar heimildir til skuldajöfnunar.

Stefnandi krefst launa frá september 2018 til og með desember 2019 eða samtals í fimmtán mánuði. Þá sé krafist launa í þriggja mánaða uppsagnarfresti. Einnig sé krafist orlofslauna, desemberuppbótar og orlofsuppbótar. Að lokum sé krafist miskabóta á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

### III

Stefndi kveður ágreining málsins tvíþættan: Annars vegar hvort enn sé ráðningarsamband milli stefnanda og stefnda og ef ekki hver áhrif þess kunni að vera. Hins vegar hvort stefnda hafi verið heimilt að skuldajafna launakröfu stefnanda vegna september- og októbermánaðar 2018 að hluta á móti kröfu sem til sé komin vegna brota stefnanda gegn ákvæðum kaupsamnings aðila.

Stefndi mótmælir því að hann hafi með fyrirvaralausum hætti rift ráðningarsamningi stefnanda þótt hann hafi beitt skuldajöfnuði. Stefnandi telur ljóst að ef ekki hefur verið heimilt að skuldajafna þá hafi það aðeins þau áhrif að stefnandi eigi inni hjá stefnda ógreidd laun en stefndi eigi þá í staðinn hærri kröfu á hendur stefnanda en ella vegna brota stefnanda á ákvæðum kaupsamnings aðila. Hafi skuldajöfnuður verið óheimill hafi stefndi vissulega vanefnt skyldur sínar og eigi þá stefnandi, í samræmi við

meginregluna um skuldbindingargildi samninga, kröfu um efndir *in natura*. Rétt sé að geta þess að hvorki hafi því verið haldið fram af hálfu stefnanda að vanefndir séu svo verulegar að stefnandi eigi rétt til riftunar né heldur hafi stefnandi rift ráðningarsambandinu. Hafi verið heimilt að beita skuldajöfnuði sé enn ljósara að stefnandi standi enn í ráðningarsambandi við stefnda.

Stefnanda hafi alltaf verið og sé enn velkomið að mæta til vinnu og afla tekna sinna. Stefnandi hafi þó lagt fram vottorð sem sýni að óvíst sé hvort eða hvenær honum verði fært að mæta til vinnu, en dómkröfur stefnanda taki eftir sem áður mið af fullum vinnulaunum, út þann tíma sem stefnandi hafi skuldbundið sig til að starfa hjá stefnda. Stefnandi virðist því ætla að byggja á því að hann sé óvinnufær en einnig krefjast launa eins og hann sé vinnufær en hafi verið meinað að mæta til vinnu.

Því hafi verið haldið fram af hálfu stefnanda að það sýni fram á fyrirvaralausa uppsögn stefnda að annar maður hafi verið settur í starf yfirmanns lagnadeildar hjá stefnda. Þessu sé mótmælt enda augljós þörf á því að einhver sinni starfi þessu hjá stefnda. Stefnandi hafi lagt fram vottorð sem sýni að óljóst sé hvort eða hvenær hann geti komið aftur til starfa. Þá sé réttur stefnanda til að starfa hjá stefnda ekki bundinn við tiltekna stöðu innan fyrirtækisins. Nái stefnandi vinnufærni á ný og kjósi hann að mæta til starfa mun einfaldlega þurfa á þeim tímapunkti að ákveða hvaða maður skuli gegna hvaða starfi. Lagnadeild stefnda geti hins vegar ekki starfað án yfirmanns um óákveðinn tíma.

Sýknukrafa stefnda byggist einnig á því að stefnandi geti ekki í senn borið fyrir sig óuppsegjanlegan ráðningarsamning og það að honum hafi verið sagt upp með fyrirvaralausum hætti. Stefndi hafi ekki sagt stefnanda upp enda virði stefndi samningsbundið bann við uppsögn. Þá hafi stefndi ekki rift samningi sínum við stefnanda eða á nokkurn hátt lýst yfir vilja til að ráðningarsambandið taki enda. Stefnandi hafi heldur ekki rift samningnum og sé því einsýnt að ráðningarsamband aðila sé enn í gildi. Ráðningarsambandið veiti þó stefnanda ekki frekari rétt til launa fyrr en hann mæti til vinnu. Stefnandi virðist á hinn bóginn vilja í senn bera fyrir sig óvinnufærni og krefjast launa fyrir 15 mánaða tímabil þegar óljóst sé hvort stefnandi muni mæta til starfa. Raunar séu 6 af þeim 15 mánuðum nú þegar liðnir án þess að stefnandi hafi mætt til vinnu. Ítrekað sé að stefndi virði rétt stefnanda til að vera frá vinnu vegna veikinda en á stefnda hvíli hins vegar engin skylda til að greiða frekari laun meðan stefnandi sé óvinnufær. Rök stefnanda um að honum sé þessi kröfugerð heimil vegna uppsagnar óuppsegjanlegs ráðningarsamnings séu í besta falli mótsagnakennd. Stefndi byggir á því að réttur stefnanda sé, meðan samningi aðila hafi ekki verið rift, réttur til efnda *in natura*, enda hafi stefndi hvorki sagt upp ráðningarsamningnum né geti hann það. Stefnandi eigi því rétt til launa þegar vinnuframlag er innt af hendi.

Hvað rétt til skuldajöfnuðar varðar byggir stefndi á því að þótt almennt bann sé við því að laun séu greidd með skuldajöfnuði, samanber lög nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups, gildi annað þegar launakrafa og krafa sú sem notuð er til skuldajafnaðar eru samrættar og sé vísað til Hrd: 1978:1247. Kröfu þá sem stefndi hafi notað til skuldajöfnuðar á móti launakröfu stefnanda leiði af sama samningi og tryggi stefnanda starf hans hjá stefnda, það er kaupsamningnum um öll hlutabréf C ehf. frá 14. desember 2017. Í grein 6.3.4 sé að finna yfirlýsingu stefnanda um að enginn arður hafi verið greiddur eða fjármunum úthlutað með öðrum hætti til hluthafa á árinu 2017. Þrátt fyrir þetta hafi staða einkareiknings stefnanda hjá félaginu sýnt 5.285.735 krónum verri stöðu í lok árs 2017 en í upphafi þess. Því hafi verið um að ræða úttektir stefnanda sem séu í beinni andstöðu við yfirlýsingu hans. Þá sé í grein 7.1 í sama samningi kveðið á um að ef yfirlýsingar samningsaðila í samningnum reynast rangar eða misvísandi eigi gagnaðili rétt til skaðabóta og/eða afsláttar. Stefndi hafi því skuldajafnað 985.735 krónum sem séu úttektir á árinu 2017. Hann kveðst eiga frekari kröfur á hendur stefnanda vegna skuldar stefnanda og muni hann sækja þær í öðru máli.

Stefndi hafnar launakröfu stefnanda og telur kröfuna varða rétt til vinnulauna fyrir annars vegar tíma sem ekki sé enn liðinn og hins vegar tíma sem sé liðinn án vinnuframlags af hálfu stefnanda. Stefndi geti ekki byggt fjárkröfu á ráðningarsamningi án vinnuframlags þegar orlofsréttur og veikindaréttur séu fullnýttir. Sé á hinn bóginn litið á kröfu stefnanda sem skaðabótakröfu vegna riftunar komi til skoðunar sömu atriði og almennt hvað skaðabótakröfur varðar. Skilyrði fyrir greiðslu skaðabóta séu ekki fyrir hendi. Engin saknæm háttsemi hafi verið viðhöfð á hálfu stefnda og jafnvel ef svo hefði verið, þá sé ekkert tjón til að bæta í ljósi yfirlýstrar óvinnufærni stefnanda. Þá sé kröfu um miskabætur hafnað.

#### IV

Hinn 30. júlí 2017 gerði stefndi stefnanda tilboð um kaup á öllu útgefnu hlutafé í C ehf. en stefndi var eini eigandi fyrirtækisins. Í 1. kafla kauptilboðsins er nánar tiltekið til hvers það taki. Um verð og greiðslutilhögun er fjallað í 2. kafla. Í 3. kafla er fjallað um afhendingu og í 4. kafla er kveðið á um skilyrði sem skulu vera uppfyllt fyrir eða við afhendingu enda séu skuldbindingar málsaðila samkvæmt samningnum háðar því. Í grein 4.1.ii segir svo: „Að gerður verði ótímabundinn ráðningarsamningur við [A] (seljanda). Ráðningarsamningurinn skal vera óuppsegjanlegur af hálfu [A] eftir eitt ár frá undirritun en eftir tvö ár af hálfu kaupanda, en eftir það gildir gagnkvæmur þriggja mánaða uppsagnarfrestur. Starfskjör hans skulu taka mið af núverandi starfskjörum [A] hjá [C], þ.e.a.s. ekki vera lægri en það og taka kjarasamningbundnum hækkunum. Ráðningarsamningur skal innihalda hefðbundin ákvæði til hömlunar samkeppni og skuldbindur A sig til að stafa ekki hjá samkeppnisaðila næstu 5 árin frá undirritun

framangreinds ráðningarsamnings að viðlagðri ábyrgð er nemur tvöföldum mánaðarlaunum hvern mánuð sem brotið er gegn ákvæði þessu. Samkeppnishömlur þessar falla úr gildi við uppsögn tilboðsgjafa á fyrrgreindum starfssamningi. – [A] á við gerð þessa kauptilboðs inni 6 vikna sumarfrí hjá [C]. Aðilar eru sammála því að á yfirstandandi orlofsári geti [A] tekið allt að 10 vikur í leyfi á launum, þó ekki meira en 6 vikur í einni lotu, allt í samráði við kaupanda.“ Undir tölulið iii í sömu grein er kveðið á um að stefnandi veiti stefnda aðgang að öllum gögnum um félagið og rekstur þess vegna áreiðanleikakönnunar. Stefnandi tók tilboði þessu og lét stefndi gera kaupsamning um hlutaféð í C ehf. sem var undirritaður 14. desember 2017. Þar segir í gr. 6.3.4 að enginn arður hafi verið greiddur eða fjármunum úthlutað með öðrum hætti til hluthafa frá því að ársreikningur vegna 2016 var útbúinn og að engar óvenjulegar greiðslur hafi átt sér stað á árinu 2017, umfram það sem eðlilegt geti talist og venja hafi verið á undangengnum árum. Síðan segir: „Undir útgreiðslur arðs eða úthlutun fjármuna samkvæmt ákvæði þessu fellur hvers konar úthlutun af fjármunum félagsins til seljanda sem eina hluthafa þess, að undanskyldum launagreiðslum til seljanda samkvæmt ráðningarsamningi.“ Síðan segir í gr. 7.1 í kaupsamningnum. „Ef uppgjör hefur farið fram en ein eða fleiri yfirlýsing samningsaðila reynist röng eða misvísandi á gagnaðili rétt til skaðabóta og/eða afsláttar. Um þetta gilda almennar reglur íslensks réttar um skaðabætur og önnur vanefndaúrræði.“

Ekki var gerður hefðbundinn ráðningarsamningur við stefnanda og hóf hann þegar störf hjá stefnda. Hann sinnti sinni vinnu og fékk greidd umsamin laun fyrir þá vinnu. Þá fór hann einnig í umsamið frí. Hinn 29. ágúst 2018 gaf sérfræðilæknir út vottorð um að stefnandi væri óvinnufær og ekki væri vitað hvenær hann gæti snúið aftur til starfa. Stefnandi er enn í dag, rúmu ári seinna, óvinnufær. Það er ágreiningslaust í málinu að stefnandi átti rétt til launa í veikindum og hversu langur sá veikindaréttur var. Þegar litið er til þess, sem og þeirra frívíkna sem samið var um í kauptilboðinu, þá bar stefnanda að fá greidd laun út októbermánuð 2018.

Um mánaðamótin september/október 2018 fékk stefnandi ekki greidd laun sín fyrir septembermánuð. Stefndi bar því við að samkvæmt yfirliti yfir einkareikning stefnanda hjá C hefði stefnandi tekið út úr því fyrirtæki verulegar fjárhæðir þrátt fyrir gr. 6.3.4 í kaupsamningnum. Eigi stefndi því kröfu á hendur stefnanda þar sem hann hafi ábyrgst að slíkt yrði ekki gert og var vísað í gr. 7.1 í kaupsamningnum. Því hafi stefndi ekki greitt stefnanda laun og skuldajafnað þeim á móti þeirri fjárhæð sem stefndi taldi að stefnandi hefði tekið út úr fyrirtækinu fyrir sölu þess. Ekki er að sjá af gögnum málsins að skuldajöfnuður þessi hafi verið tilkynntur stefnanda fyrr en með bréfi 17. október 2018.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups má ekki greiða laun með skuldajöfnuði nema svo hafi áður verið sérstaklega um samið. Enginn slíkur

samningur liggur fyrir í máli þessu. Stefndi ber því við að honum hafi verið skuldajöfnuðurinn heimill þar sem kröfurnar hafi verið samrættar, það er þær hafi átt rætur að rekja til sama samnings. Rétt er að um báðar kröfurnar er fjallað í kaupsamningum um hlutaféð en þær eru hins vegar í eðli sínu ólíkar. Í öðru tilfellinu er um launakröfu að ræða og hins vegar er krafa um skaðabætur. Í gr. 4.1.1 í kaupsamningnum frá 14. desember 2017 er gert ráð fyrir að sérstakur ótímabundinn ráðningarsamningur hafi verið gerður við stefnanda. Sá samningur hefur hins vegar ekki verið lagður fram og líta verður svo á að hann sé ekki fyrir hendi. Hefði slíkur samningur hins vegar verið gerður má ljóst vera að þar hefði ekki verið fjallað um þá skyldu stefnanda að taka ekki fé út úr fyrirtækinu, eins og gert er í grein 6.3.4 í kaupsamningnum, enda slíkt ákvæði ekki hluti af ráðningarkjörum stefnanda. Því er ekki fullnægt því skilyrði að kröfurnar séu samrættar, en stefndi virðist hafa látið undir höfuð leggja að gera sérstakan ráðningarsamning við stefnda. Með vísan til þessa er það niðurstaða dómsins að stefnda hafi ekki verið heimilt að skuldajafna kröfu sinni við laun stefnanda er hann átti rétt á um mánaðamótin september/október 2018.

Þá er að líta til þess hverju það varði að hafa ekki innt af hendi launin fyrir september 2018. Stefnandi telur að sú háttsemi stefnda að neita að greiða honum launin og yfirlýsingar stefnda í bréfi dags. 17. október 2018 um að stefnandi ætti að koma til starfa, þrátt fyrir að vera óvinnufær og án þess að fá fyrir það endurgjald í formi launa, feli hvoru tveggja í sér verulega vanefnd á ráðningarsamningi aðila og ólögmeta fyrirvaralausar uppsögn úr starfi.

Í málinu liggur ekki annað fyrir en að stefndi hafi ávallt staðið í skilum með launagreiðslur sínar, ef frá er talin launagreiðslan um mánaðamótin september/október 2018, er stefndi með röngu skuldajafnaði ætlaðri kröfu sinni á hendur stefnanda við laun hans. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki á það fallist að um verulega vanefnd sé hér að ræða. Þá liggur fyrir að stefndi óskaði eftir að stefnandi kæmi aftur til starfa hjá stefnda og var 1. nóvember nefndur þar. Ekkert lá fyrir á þeim tíma um það hvort stefnandi yrði þá enn óvinnufær og eðli máls samkvæmt hefði orðið að meta vinnufærni stefnanda þá. Með þessu liggur þó fyrir að stefndi vildi halda áfram vinnusambandinu. Í bréfi stefnda frá 17. október er því einnig lýst yfir að stefndi muni halda áfram að skuldajafna kröfu sinni við laun stefnanda og sérstaklega tekið fram að það verði gert svo langt sem krafan nái. Ætla má að ekki hafi komið til þess þar sem lagaheimild skorti fyrir slíkum skuldajöfnuði. Þá hefur stefnandi haldi því fram að með því að annar starfsmaður hafi verið settur í stöðu hans sem yfirmaður lagnadeildar staðfesti það enn frekar að um fyrirvaralausar uppsögn hafi verið að ræða. Að mati dómsins er þessi málsástæða haldlaus með því að stefnandi var í veikindaleyfi og eðli máls samkvæmt varð einhver að gegna stöðu hans. Ekkert liggur fyrir um að sá er leysti stefnanda af yrði þar til frambúðar. Þegar litið er heildstætt á málið verður hvorki fallist á að hér sé um að

ræða verulegar vanefndir að hálfu stefnda né ólögmeta fyrirvaralaus uppsögn af hálfu stefnda, svo sem stefnandi heldur fram.

Þá byggir stefnandi einnig á því að stefndi hafi einhliða og með ólögmetum hætti rift ráðningarsamningi stefnanda og með því bakað stefnanda tjón sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á. Byggt sé á meginreglu skaðabótaréttarins og almennu skaðabótareglunni. Dómurinn telur að nefndur skuldajöfnuður um mánaðamótin september/október 2018 sé ekki riftun á ráðningarsamningi, en sérstaklega var tiltekið í bréfi stefnda 17. október 2018, þar sem skuldajöfnuðurinn var tilkynntur, að stefndi óskaði eftir vinnuframlagi stefnanda. Þá verður heldur ekki horft fram hjá því að stefnandi var í veikindaleyfi og átti rétt til launa til októberloka 2018. Eftir það var hann tekjulaus þar sem hann hafði fullnýtt veikindarétt sinn. Stefnandi hefur ekki sannað tjón sitt en það ber honum að gera þar sem hann telur sig eiga rétt til skaðabóta. Þessari málsástæðu er því hafnað.

Með vísan til þess sem að framan greinir var stefnda óheimilt að skuldajafna ætlaðri kröfu sinni við launakröfu stefnanda. Ber því stefnda að greiða stefnanda vangoldin laun fyrir september og október 2018 að fjárhæð 985.735 kr. auk dráttarvaxta svo sem greinir í dómsorði. Er þetta varakrafa stefnda og hefur hún ekki sætt tölulegum ágreiningi. Ráðningarsamningurinn er enn í gildi en stefnandi hefur verið óvinnufær til dagsins í dag.

Eftir þessari niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað svo sem greinir í dómsorði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, B ehf., greiði stefnanda, A, 985.735 krónur auk dráttarvaxta af 597.821 krónu frá 1. október 2018 til 1. nóvember 2018, en af 985.735 krónum frá þeim degi til greiðsludags og 700.000 krónur í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir